

Fjallskilareglugjörð fyrir Mýrasýslu.

I.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefndin í Mýrasýslu hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála innan takmarka sýslunnar, eins þótt afréttur eða fjenaður, er þar gengur, sje eign utansýslubúa. Hún sker úr ágreiningi og kærumálum, er til hennar verður skotið samkvæmt reglugjörð þessari.

2. gr.

Málefni þau, sem nefnd eru í 1. gr., standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Mýrasýslu, hvernar í sínum hreppi. Þær skulu gæta þess, að reglugjörðinni sje hlýtt og ef eitthvað er vanrækt af því, er hún fyrirskipar, eða brotið gegn ákvæðum hennar, að fullar bætur komi fyrir.

Hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, gera allar nákvæmari ákvarðanir um fjallskil og aðrar framkvæmdir samkvæmt reglugjörð þessari eftir þörfum. Þær hafa úrskurðarvald í öllum ágreinings- og kærumálum innan hrepps. Úrskurðum þeirra má skjóta til sýslunefndar.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar eða partar af hreppum eiga einn afrjett saman, hafa hreppsnefndir allra þeirra stjórn fjallskilamála á hendi í sameiningu. Oddvitinn í þeim hreppi, er rjett sú liggur í, er afrjetturinn á að leitast til, skal kveðja til funda þeirra, er skipa eiga slíkum málum. A fundum þessum ræður afl atkvæða.

3. gr.

Nú er afrjettur innan ummerkja Mýrasýslu notaður af hreppsfjelagi annarar sýslu, og er þá heimilt að fela hreppsnefndinni í þeim hreppi umsjón og framkvæmd fjallskila á afrjettinum. Fer þetta eftir samkomulagi við hreppsnefnd þess hrepps, er afrjettur liggur í, en að öðru leyti eftir fyrirmælum þessarar reglugjörðar.

II.

Um notkun afrjetta.

4. gr.

Skylt er að láta öll stóðhross, geldfje, dilkær og fráferulömb ganga í afrjetti til sumarbeitar, nema:

- a. Að haft sje í gripheldri girðingu, eyjum eða hólum, sem fjenaður getur ekki að sjálf-ráðu gengið úr.
- b. Að fengið sje leyfi hreppsnefndar og nágbranna til þess að hafa það í heimahögum, eða leyft sje í löggiltri samþykkt, þó svo að eigandi fjenaðar ábyrgist, ef skaði hlýst af.

5. gr.

Enginn má nota annan sameignar-afrjett en þann, er hann á upprekstur á, nema hlut- aðelgandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir leyfi. Enginn má heldur taka hross eða sauðfje í sameiginlegt upprekstrarland af öðrum en þeim, sem heimili eiga í því upprekstrarfjelagi, enda hafi fjenaðurinn verið fóðraður á upprekstrarsvæðinu undanfarandi vetur.

60
2. júní

6. gr.

Enginn má nota sameiginlegt upprekstrarland til annars en sumarbeitar fyrir af- rjettarfjenað, nema hann hafi sjerstaka lagaheimild til þess. Enginn má ná sauðfje eða ótömdum hrossum úr afrjetti, frá því 11 vikur eru af sumri til fjallgangna, nema hann fái til þess leyfi hreppsnefndar þess hrepps, er afrjettur liggur í, enda fullnægi þeim skilyrðum, er hún setur.

Þetta ákvæði nær og til þeirra afrjettarnota, er nefnd eru í 7. grein.

7. gr.

Nú er afrjettarland eða fjallendi einstaks manns sameiginlegt leitarsvæði með sam- eignarafjetti, og ætlar hann að leigja það öðrum til sumarbeitar, þá er hann skyldur að til- kynna það fyrir 10. júnímánaðar, hreppsnefnd þess hrepps, er landið liggur í, og jafnframt skýra frá, fyrir hve mikinn fjenað landið er ætlað og hverjir notendur eru. Þó er honum óheimilt að taka annan eða meiri fjenað í landið en hreppsnefnd samþykkir.

III.

Um fjáðrsmalanir á vorum og rekstur í afrétt.

8. gr.

Allir, sem jörð eða jarðarpart hafa og búfjárhagar fylgja, skulu smala þá á vorum, þegar rýja þarf sauðfje eða reka það eða stóðhross í afrjett, alt eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Vanræki einhver slíka smölun, þá er nágrönnunum heimilt að smala landið og reka fjenað í aðhald til sundurdráttar, en haga skulu þeir framkvæmdum svo, að landsnotanda verði sem minnst mein að og aldrei má reka hans eigin fjenað úr hagagirðingu nema hann leyfi. Hreppsnefnd getur sinnig látið smala landið á kostnað þess, er á að gjöra það.

9. gr.

Nú finnast sauðkindur, er sloppið hafa úr heimahögum eða fjarri eiganda, órúnar, eða ómörkuð unglömb er þá finnanda skylt að handsama þær og koma þeim áleiðis til eig- anda ef hann er í nágrenni, að öðrum kosti rýja þær ef tími er til þess kominn og marka unglömb. Skal hann gera eiganda full skil á ull og grein fyrir marki og öðrum einkenn- um á hverri kind, er hann hefir rúið eða markað.

Geti finnandi eigi vitað með vissu hver eigandi er slíkra kinda ber honum að inna af hendi sömu skil við hreppstjóra í hreppi sínum. Hreppstjóri ráðstafar ull eins og öðru óskilafje.

Í ómakslaun fær finnandi alt að 50 aura fyrir að rýja kind og 1 kr. fyrir að marka lamb, ef elgi umsemst öðruvísi.

60

2. júní

Ef gróðurleysi eða illviðri banna eigi eða undanþága fengin. sbr. 4. gr., á allur geld-fjenaður — annar en fráferulömb — að vera kominn á afrjett fyrir 24. júní ár hvert, ella svo fljótt sem tíð leyfir, og fráferulömb jafnskjótt og fært er frá. Eigi má þó fjenað á afrjett reka fyr en nægur gróður er þar kominn.

10. gr.

Fráfæring allan, sem rekinn er á ógirtan afrjett, skal sitja þannig, að 3 sólarhring-ar líði frá því fært er frá þangað til hann er eftirskilinn í afrjetti. Aldrei má án leyfis eig-anda eða ráðstöfunar hreppsnefndar reka fjenað annara manna á afrjett, nema víst sje að hann eigi þangað að fara og sje ekki tekinn í sínum heimahögum. Reka skal þannig gegnum heimalönd, að sem minstur bagi verði og aldrei yfir tún nje engi, nema ómögulegt sje að fara aðra leið.

11. gr.

Hreppsnefnd hvers hrepps skal ákveða fyrir eitt eða fleiri ár í senn, hvað íbúar hreppsins, er á afrjett reka, skull skemst mega fara með rekstra sína, til þess að skilja þá eftir. Þó skal heimilt að skilja eftir á leiðinni alt að 20 kindum úr rekstri, ef þær eru örþreyttar og komnar í afrjett þann, er þær eiga að ganga á.

12. gr.

Hver, sem heimildarlaust, rekur fjenað í annars manns land, hvort sem það er heima-land eða afrjettur og skilur hann þar eftir, er skaðabótaskyldur til landsnothafa eftir því sem hæfa þykir, auk sektar.

13. gr.

Ef kindur í rekstri gefast upp á leið til afrjettar og þessvegna eða af öðrum ástæð-um verður að skilja þær eftir í landi, sem ekki er heimilt að láta þær ganga í til beitar, þá skal eigandi eða umráðamaður þeirra, sem skjótast láta umráðamann landsins vita um það og semja við hann, hversu með skal fara. Vanræki eigandi eða umráðamaður fjenaðar-ins þetta, þá skal svo álíta, að hann hafi brotlegur orðið samkvæmt 13. gr.

14. gr.

Nú er afrjettarfjenaður ekki rekinn í afrjett þá er tími er til kominn, eða hafður annarstaðar samkvæmt 4. gr., en skilyrðum ekki fullnægt að álitu hreppsnefndar, og má hún þá láta reka fjenaðinn í afrjett á kostnað eiganda eða umráðamanns.

15. gr.

Ef sauðfje eða hross ganga úr afrjetti að sumri í búfjárhaga, þá má sá, er fyrir ágangi verður, reka fjenaðinn aftur í afrjett þann, er hann hyggur hann úr vera.

16. gr.

Skylt er nágrönnum hans, að gjöra þetta með honum, ef hannn kveður þá til. Skal haga rekstri svo að ágangsfjenaði verði ekki mein að. Kostnaður við slíkan rekstur í eitt skifti fæst ekki endurgoldinn, en verði að endurtaka slíka vörn fyrir ágangi það sama sumar, þá getur sá er fyrir ágangi verður, gjört hreppsnefnd aðvart um það og skipar hún þá fyrir um smölun og rekstur til afrjettar, kveður hún til þess öðrum fremur þá, er fyrir

fyrir ágangi verða og næstir eru ágangssvæðinu, en öllum sem til eru kvaddir er skylt að hlyða. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum þeirra hreppa, er eiga eða nota af rjett þann, er ágangsþjenaður kom frá. **60** 2. júní

Gangi stóðhross úr afrjetti, og tolli þar ekki eftir ítrekaðan rekstur, er þeim, sem fyrir ágangi verður heimilt að tilsegja þau eiganda, sem þá er skyldur, að hirða þau.

17. gr.

Nú safnast þjenaður að girðingu, sem er því til fyrirstöðu að hann gangi sjálfkrafa á leið til afrjettar og er þá stranglega bannað að sleppa honum um hlið eða á annan hátt yfir girðinguna. Ef sá, sem fyrir slíkum ágangi verður, getur ekki á hagkvæmari hátt umsamð, þá gerir hann hreppsnefnd í sínum hreppi aðvart um ágangiun og ber henni þá, að láta smala ágangsþjenaði og reka þangað sem hann má vera, á kostnað eiganda nema öðruvísi sje ákveðið í samþykkt, er nái yfir ágangssvæðið.

IV.

Um fjallskil og leitir.

18. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kind eða stóðhross hvort sem það er rekið á afrjett eða ekki. Öll fjallskil skal miða við tölu geldra kinda. Hvert stóðhross jafngildir 5 kindum geldum; 2 ær með dilkum jafngilda 3 geldum kindum, en fráfarð lömb teljast geldar kindur

Hverjar 3 kindur, sem geymdar eru í eyjum eða hólum að sumri til — sbr. 4. gr. — jafngilda einni kind geldri til fjallskila, en kvíær, sem nytkaðar eru skulu undanþegnar fjallskilum, ef eigandi eða umráðamaður þeirra hefir tilkynt hlutaðeigandi hreppsnefnd tölu þeirra, áður en fjallskilaniðurfjöldun fer fram. Að öllu öðru leyti skulu full fjallskil gerð eftir þjenaðarfjölda.

19. gr.

Hver búandi eða húsráðandi er skyldur að halda uppi fjallskilum heimilismanna sinna, gegn fullu endurgjaldi.

20. gr.

Þrennar leitir skal gera á hverju hausti, til þess að smala til rjetta. Í öllum leitum skal smala sauðfje, en hrossum í annari og þriðju leit. Þó má hreppsnefnd eða hreppsnefndir, á fjallskilafundi, ákveða, að hross skuli smöluð til fyrstu rjettar og þeim þá rjettað, en þá skal það tilkynt í þá hreppa utan upprekstrarfjelagsins, er þar eiga hrossa von.

Einnig skal eftir þörfum senda menn til þess að hirða fje og hross í útrjettum, er fjár von er við.

21. gr.

Til Fljótstungurjettar skal gera fyrstu leit föstudag, laugardag og sunnudag í 22. viku sumars, og aðra leit þriðjudag og miðvikudag í sömu sumarviku og fimtudag næstan á eftir.

60

Til Þverárrettar skal gera fyrstu leit, mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku 2. júní sumars, og aðra leit föstudag, laugardag og sunnudag í 23. viku sumars.

Til Brekkurjettar skal gera fyrstu leit, þriðjudag, í 22. viku sumars, og aðra leit mánudag í 23. viku sumars.

Til Þinghólsrjettar skal gera fyrstu og aðra leit mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars.

Auk þess skulu heimalönd í Borgarhreppi og Borgarneshreppi smöluð mánudag eða þriðjudag í 23. viku sumars.

Til Hraundalsrjettar skal gera fyrstu og aðra leit mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars og fimtudaginu næstan eftir.

Auk þess skulu heimalönd í Alftaneshreppi smöluð sunnudag eða mánudag í 23. viku sumars.

Til Hítárdalsrjettar skal gera fyrstu leit, mánudag og þriðjudag og aðra leit miðvikudag í 22. viku sumars.

Auk þess skulu heimalönd í Hraunhreppi smöluð laugardag eða sunnudag í 23. viku sumars.

Í öllum upprekstrarfjelögum sýslunnar skal þriðja leit ger í hverju fyrir sig næstu daga fyrir skilarjett.

22. gr.

Fyrir 10. ágúst ár hvert skal hreppstjóri hafa samið og sent oddvita þeirrar hreppsnefndar, er jafnar niður fjallskilum viðkomandi hrepps, skrá yfir alla framteljendur og fjölda sauðfjár og stóðhrossa eins og það er framtalið, eða hann telur rjett vera. Í Hvítársíðuhreppi, Norðurárdalshreppi og Stafholtstungnahreppi skal skrá þessi vera í tvennu lagi og skifting hin sama og hreppanna í upprekstrarfjelög.

Skylt er hreppsnefnd, ef henni er kunnugt um annan eða meiri fjallskilaskyldan fjenað í upprekstarfjelagi en á skrá stendur, að jafna fjallskilum einnig á hann.

23. gr.

Hreppsnefnd hver jafnar niður fjallskilum á hreppsþúa sína og þá utanhreppsþúa, er fjallskil eiga að gera í hreppnum, nema öðruvísi sje um samið, samber 3. gr. Skal niðurfjöfnun lokið svo tímanlega, að hún geti orðið öllum kunn eigi síðar en þrem dögum áður en leitir byrja.

Niðurfjöfnun skal birta með fjallskilaseðli eða fjallskilaseðlum, er ganga bæ frá bæ um hreppinn, og hefir hann eða þeir þá þingboðsrjett. Utanhreppsmönnum má boða fjallskil svo sem haganlegast þykir.

Í fjallskilaseðli skal skráð, hvaða fjallskil hver á að gera það haust, hvernig leitum og rekstrum skal haga, hver verði leitarforingi, og annað því um líkt, eftir þörfum.

24. gr.

Hver búandi er skyldur að leita heimaland ábýlisjarðar sinnar á hausti, að svo miklu leyti og svo oft sem hreppsnefnd ákveður, og reka skilvíslega til rjetta eða annað, allan óskilafjenað eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndar. Vanræki einhver slíka smölun, er heimilt að fara svo að sem fyrir er mælt í 8. gr.

25. gr.

60
2. júní

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir skulu árlega meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfjelagsins til peningaverðs. Eftir því mati skal fara, þá er eitthvað til fjallskila er greitt í peningum. Tillagi hvers einstaklings til fjallskila skal jafna niður með vinnu eða öðru þess háttar, að svo miklu leyti, sem auðveldlega verður viðkomandi. En heimilt er hreppsnefnd ef hún telur það hagkvæmt, að ákveða, að einhver hluti fjallskilatillags greiðist í peningum án þess þó, að jafnað sje á alla eða eftir sömu hlutföllum.

26. gr.

Hreppsnefnd skal árlega kjósa leitarstjóra, fyrir hvert leitar svæði er hún á yfir að segja. Enga aðalleit má gera, nema leitarstjóri sje í henni og stjórn henni, enda er leitar-
mönnum skylt að hlýða honum.

Einnig skal hún kjósa rjettarstjóra og foringja er stjórn ferðum í útrjettir, eftir því sem þurfa þykir.

27. gr.

Í gjörðabók hreppsnefndar skal skrá niðurfjöfnun fjallskila og yfirhöfuð allar ákvarðanir, er hún gerir viðvikjandi fjallskilum, leitum, rjettum og smölunum.

28. gr.

Hver, sem fjallskil á að inna af hendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir, útrjettir og annað því um líkt. Láti einhver farast fyrir að senda mann í leit eða gjöra önnur þau fjallskil, er hann hefir verið kvaddur til í fjallskilaboði og eigi má fresta, skal hann borga einum þriðja parti hærra verði, en matið er tillag það, er vantar.

Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi og helmingur manna í hans flokki telur óhæfan sökum galla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan maun sendir, skyldur að borga eius og hann hefði engan sent. Sama gildir um mann í útrjettir.

Sannist það eftir á, að einhver, sem fjallskil á að framkvæma, hafi vanrækt verk sitt, getur hreppsnefnd krafist uppbotar frá honum eða þeim, er sendi hann, eftir því, er hæfa þykir.

29. gr.

Aður en leit byrjar, skal leitarforingi gæta þess í hæfilegan tíma, hvort nokkrum manni verði að vísa heim, hvort nokkurn vantar eða annað, er til leitarinnar þarf. Kaupir hann þá mann eða annað í stað þess, er vantar, ef þörf krefur og þess er nokkur kostur.

Leitarforingi hefir á hendu alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir um hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess að farið sje eftir fyrirskipunum hans, að úr sje bætt, ef eitthvað fer óskipulega, að ekki sje illa farið með skepnur, að fatlaðar kindur og kindalamar sje flutt til bygða, að safnsins sje vel gætt þar til það er í rjett komið og rjettarstjóri tekur við stjórn og yfirhöfuð alls þess, er tilheyrir góðu skipulagi í leitum.

30. gr.

Þeir, sem sendir eru í útrjettir, skulu hlýða foringja sínum. Hann skal gera það, sem unt er, til þess að ekki verði kindur eða hross eftir í útrjettum, og fari þar fram markaskrár yfirlestur, má ekki fara frá rjettinni fyrir en honum er lokið.

60 Sje einhver skepna svo fötluð að hún verði ekki rekin með öðrum fjenaði, þá skal 2. júní útrjettamannaforingi ráðstafa henni svo sem hann telur hagkvæmast fyrir eiganda og á hans kostnað. Ráðstöfunina tilkynnir hann eiganda svo fljótt sem unt er.

Fatlaða kind má ekki skilja eftir milli bæja eða á víðavangi.

Foringi útrjettarmanna gætir þess, að skepnum sje ekki hætta búin í rekstri, í vatnsföllum, hraungjótum, af ofþreytu og öðru því um líku.

31. gr.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar, getur hreppsnefnd, ef henni þykir ástæða til, látið gera enn eina leit á leitarsvæði þau, er hún á um að sjá. Til þeirrar leitar má gera aukaniðurjöfnun á alla hlutaðeigendur.

Leitin kallast eftirleit og skal hún ákveðin svo fljótt sem við verður komið, að afstaðinni þriðju leit. Heimilt er einstökum mönnum að gjöra eftirleit, þó eigi fyr en hreppsnefnd hefir látið gera slíka leit, eða vissa fengin um að leit verði ekki gerð að ráðstöfun hreppsnefndar. Finni einstakir menn fjenað á afrjetti eftir leitir er þeim heimilt að taka fundarlaun; náist ekki samkomulag við eiganda, metur viðkomandi hreppsnefnd fundarlaun, en ekki mega þau hærri vera en $\frac{1}{4}$ verðs af sauðfje og $\frac{1}{10}$ verðs af hrossum.

32. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila ekki rjett og vill fá leiðrjettingu á því, ber honum engu að síður að inna þau af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir hausthreppskil og beðið hana lagfæringar og fer þá um hana sem um útsvarskæru. Kærun út af aukaniðurjöfnun fjallskila fer um á sama hátt og kærun yfir aukaniðurjöfnun útsvara.

V.

Um rjettir og rjettahöld.

33. gr.

Þessar skulu vera aðalrjettir í sýslunni:

1. Fljótstungurjett. Leitarsvæði til hennar er: Heimalönd allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmannstungu að þeim jörðum báðum meðtöldum, eins og Hvítá ræður að sunnan og girðingar að vestan og norðvestan að Skammá; svo og afrjettur Reykdæla og Hálsasveitar og önnur heiðalönd að afrjettarlöndum Þverárrjettar og að löndum Húnetninga að norðan og jöklum að austan.

Fyrsta rjett skal vera mánudaginn í 22. viku sumars, önnur rjett föstudaginn í 23. viku sumars, og skilarjett föstudag í 24. viku sumars.

1. Þverárrjett. Leitarsvæði til hennar er: Öll heimalönd, heiðalönd og afrjettarlönd allra jarða í Norðurárdal og Staðholtstungum austan Sanddalsár og Norðurár; svo og allra jarða í Þverárhlið og Hvítársíðu alt að girðingum þeim, er áður eru nefndar, að löndum Húnetninga að norðaustan og að löndum Strandasýslu og Dalasýslu að norðvestan. Þó getur stjórn Þverárrjettarfelags leyft að Lambatungur sjeu leitaðar til Fljótstungurjettar.

Fyrsta rjett skal vera fimtudag í 23. viku sumars, önnur rjett mánudag í sömu sumarviku og skilarjett laugardag í 25. viku sumars.

3. Brekkurjett. Leitarsvæði er: Öll afrjettarlönd og heimalönd tilheyrandi Norðurárdal og Stafholtstungum fyrir vestan Sanddalsá og Norðurá alt að löndum Dalamanna og Borg-**60**
hreppinga að norðan og norðvestan. **2. júní**

Fyrsta rjett skal vera miðvikudag í 22. viku sumars, önnur rjett þriðjudag í 23. viku sumars og skilarjett föstudag í 25. viku sumars.

4. Þinghólsrjett. Leitarsvæði er: Öll afrjettarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.

Fyrsta rjett skal vera fimtudag í 23. viku sumars, önnur rjett miðvikudag í sömu viku og þriðja rjett föstudag í 25. viku sumars.

5. Hraundalsrjett. Leitarsvæði er: Öll afrjettarlönd og heimalönd tilheyrandi Alftaneshreppi, svo og alt Ytra-Hraundalsland og Svarfhólmúli í Hraunhreppi.

Fyrsta rjett skal vera föstudag í 23. viku sumars, önnur rjett þriðjudag í sömu sumarviku og þriðja rjett fimtudag í 25. viku sumars.

6. Hitardalsrjett. Leitarsvæði er: Öll afrjettarlönd og heimalönd í Hraunhreppi að undanskildu Ytra-Hraundalslandi og Svarfhólmúla.

Fyrsta rjett skal vera fimtudag í 23. viku sumar, önnur rjett mánudag í sömu sumarviku og þriðja rjett miðvikudag í 24. viku sumars.

Önnur og þriðja rjett í Borgarhreppi, Alftaneshreppi og Hraunhreppi kallast skilarrjettir og er heimilt að halda þær annarstaðar en í aðalrjett. Heimilt er að leggja og viðhalda aukarjett til þess.

34. gr.

Aukaskilarjett má halda í hverju upprekstrarfjelagi fyrir sig, hvenær sem hreppsnefnd ákveður.

35. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um :

Að almenningur rjettar sje bæfilega stór og svo haganlega gerður, að engin hættu sjá á að fje þrengi sjer meira saman á einum stað en öðrum og að gólfllötur sje sem næst lárjettur.

* **Að** veggir rjettar og dilka sjeu svo vel gerðir, stöðugir og háir, að engin sauðkind geti stokkið upp á þá.

Að sjerhver fjenaðareigandi innan upprekstrarfjelagsins hafi nóg dilkrúm fyrir fje sitt við rjettina, að ómerkingadilkur sje til og að nægir dilkar sjeu til fyrir fje annara upprekstrarfjelaga.

Að grindur eða hurðir sjeu í öllum dilkadyrum, sem dregið er um úr almenningi, og ytri og innri dyrum rjettar.

36. gr.

Hver sem jörð eða jarðarpart hefir til ábúðar eða notkunar eða fjenað á, er skyldur til að vinna að byggingu aðalrjettar, aukarjettar, dilka, girðingar til að geyma safn í, leitarmannaskýlis og hveirrar annarar byggingar, sem notuð kann að verða við leitir eða rjettir og að viðhaldi þeirra eftir því, sem hreppsnefnd ákveður.

Við hverja aðalrjett skulu allar jarðir í upprekstrarfjelaginu eiga nóg dilkrúm, hver fyrir sig eða fleiri saman og eru ábúendur skyldir til að kosta bygging þeirra, eftir þeim

60 hlutföllum, er hreppsnefnd ákveður Vanræki einhver að vinna að dilkbyggingu eða viðhaldi
2. júní svo sem skylt er, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað.

Ennfremur skulu vera til sjerstakir dilkar fyrir fje úr öðrum hreppum eða upp-
rekstrarfjelögum, er byggja skal og viðhalda á kostnað hlutaðeiganda, nema öðruvísi sje
um samið.

37. gr.

Nú þykir meiri hluta hreppsnefndar eða 5 bændum í upprekstrarfjelagi þörf á að
færa aðalrjett á annan stað eða endurbyggja rjett úr steinsteypu eða útlendu efni, þá skal
hreppsnefnd sjá um, að allir búendur, er hlut eiga að máli, verði kvaddir á fund til þess að
ræða og greiða atkvæði um það mál. Verði meiri hluti fundarmanna með breytingunni, skal
málið, ásamt sundurliðaðri áætlun um kostnað og fjáröflun til byggingarinnar, borið undir
sýslunefnd og leggur hún úrskurð á það.

Kostnaði við byggingu, endurbyggingu eða viðhald rjettar og annara bygginga, sem
taldar eru í 35. gr. svo og vöxtu og afborganir af lánnum til slíkra bygginga, skal jafnað nið-
ur eftir þeim hlutföllum, er hreppsnefnd ákveður og sýslunefnd samþykkir.

38. gr.

Skylt er að leggja til land undir rjett, en engin umráð hefir landeigandi eða lands-
nothafi þess vegna yfir rjettinni, en þóknun fyrir átroðning á landið og við rjettarhaldið
fær hann eftir því sem um semur. En verði ágreiningur ákveður sýslunefnd gjaldið.

39. gr.

Í fyrstu rjett skal byrjað að rjetta þá markljóst er, enda er þá öllum þeim, sem
fjárvon eiga við rjettina skylt að vera þar til að hirða fjenað sinn. Rjettarstjóri sjer um að
alt fari skipulega fram við rjettarhaldið og hefir vald til að banna alt, sem getur hindrað
það eða tafið. Öllum, sem í rjett eru, er skylt að hlýða skipunum hans og getur hann kært
til sekta, ef út af er brugðið. Hann getur skipað annað í sinn stað eða sjer til aðstoðar,
ef þörf er á.

Rjettarstjóri sjer um, að ómerkingar sjeu látnir í þar til gerðan dilk og gefur hverj-
um, sem óskar þess kost á að láta á helga sjer lamb. Hann skal einnig sjá um að hryssur
fái að helga sjer folöld, þó ekki sjeu þau látn í ómerkinga dilk. Enginn má taka ómerking
án leyfis rjettarstjóra. Enginn má draga sauðfje eða hross nema látið sje í dilk eða
annað aðhald þar sem auðvelt er að kanna það, áður en út er hleypt.

Enginn má hleypa út úr dilk, fyr en rjettarstjóri leyfir og búið er að kanna fjeð eða
hrossin, ef rjettarstjóri fyrirskipar það.

Hreppstjóri þess hrepps, er rjett liggur í, skal ætíð vera við, þá rjettað er, og
gæta lögreglu.

40. gr.

Skylt er hverjum þeim, er kindavon eða hrossavon á í aðalrjett eða aukarjett síns
rjettarfjells, að hafa þar nægan mannsafli til þess að hirða þar fjenað sinn. Vanræki ein-
hver þetta, er rjettarstjóra heimilt að láta hirða fjenaðinn og reka heim á kostnað eiganda.

41. gr.

Þá er rjettarstjóri álltur tíma til kominn skal töfludráttur fara fram og markaskrár Mýrasýslu, og nærliggjandi sýslna vera við hendina. Allar sauðkindur og hross, sem að því loknu hefir ekki verið ráðstafað á leið til eiganda, skal fara með sem óskilafje.

60
2. júní

VI.

Um meðferð óskilafjenaðar.

42. gr.

Alla ómerkinga, sem eigi hafa fundist eigendur að, svo og allar aðrar kindur, er eftir verða í rjett hverri þá drætti er lokið og ekki hefir verið ráðstafað öðruvísi á ábyrgð eiganda, skal hreppstjóri í þeim hreppi, er rjettin liggur í, selja þegar í stað við opinbert uppboð, þó má hreppsnefnd láta geyma úrtíning úr fyrstu rjett til annarar rjettar.

Hreppsnefnd kveður til 2 menn að lýsa mörkum og öðrum einkennum á fjenaði þeim, er selja skal. Verði þeir ekki á eitt sáttir um lýsingu á marki, kveður nefndin þriðja mann til þess að skera úr ágreiningnum. Vafa-atríða skal þó getið í uppboðsgjörðinni.

43. gr.

Óskilafjenað, sem finst eða framkemur eftir allar rjettir og verður ekki komið til eiganda, skal reka til hreppstjóra í þeim hreppi, er fjenaðurinn fanst í, og skal hann að því búnu seldur við uppboð, svo fljótt sem verða má.

44. gr.

Nú heimtíur einhver kind með sínu marki, en kannast ekki við hana sem sína eign, þá skal með hana fara sem annað óskilafje.

45. gr.

Þá er óskilahross er selt, skal, auk venjulegra söluskilmála, áskilja að eiganda sje heimilt að innleysa það innan 12 vikna frá söludegi. Hið selda hross skal vera í gæslu kaupanda en ekki í ábyrgð hans fyr en að innlausnarfresti liðnum. Gæslukaup og hagatollur má eigi meiri vera en 15 aurar um sólarhring og telst frá söludegi þar til hross er hirt af eiganda. Komi hross á hús og hey áður en innleyst er, greiðist kostnaður af því eftir samkomulagi. Hreppsnefnd þess hrepps, sem hross er selt í, sker úr ágreiningi út af kostnaði.

Eiganda er því aðeins heimilt að innleysa hross, að hann um leið greiði allan áfallinn kostnað.

46. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum, skal hreppstjóri, svo fljótt sem verða má, senda auglýsingu til birtingar hreppstjóranum í Borgarnesi. Í auglýsinguinni skal getið um, kynferði, aldur, lit og auðkenni hins selda, svo og verð, nafn kaupanda og bústað.

47. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar skal hreppstjóri senda sýslumanni skýrslu um óskilafjenað

60 með mörkum, seldan á síðastliðnu ári, og þá er ekki útgenginn. Sýslumaður auglýsir hinn 2. júní selda fjenað í Lögbirtingablaðinu. Sýslunefnd getur kvatt annan til þess, ef hún telur það hentugra.

48. gr.

Af andvirði óskilafjenaðar greiðist uppboðskostnaður, gæsla og fóðurkostnaður, fund arlaun, auglýsingagjald og burðargjald með pósti. Að öðru leyti greiðist andvirði hins selda, til hvers þess, er kröfu gerir fyrir lok septembermánaðar það ár, sem auglýst er, ef hann þykir hafa sannað eignarrjett sinn.

49. gr.

Þá er kröfufrestur er útrunninn samkv. 47. gr. skal hreppstjóri senda oddvita í sínum hreppi afrit af uppboðsbók um seldan óskilafjenað haustið áður, ásamt skýrslu um hverjir hafa fengið útborgað verð óskilafjenaðar. Jafnframt sendir hann oddvita það sem þá er óútgengið af óskilafjárverðinu, að frádregnum kostnaði.

Andvirði ómerkinga — þar með talið mýjetingar og fje með óþekkjanlegum mörkum vegna skemda — að frádregnum kostnaði, greiði hreppstjóri til oddvita fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

50. gr.

Andvirði ómerkinga og óskilafjenaðar, er greiðist til oddvitanna í Hvítársíðuhreppi, Þverárhliðarhreppi og Stafholtstungnahreppi rennur í sjóð er heitir fjallskilasjóður Þverárrjettar og skal honum aðallega varið til viðhalds rjettinni með tilheyrandi girðingum. Oddviti Þverárhliðarhrepps gerir árlega reikninga sjóðsins og skulu þeir endurskoðaðir og úrskurðaðir af oddvitum Hvítársíðu- og Stafholtstungnahrepps.

Andvirði ómerkinga og óskilafjenaðar í öðrum hreppum sýslunnar, rennur í sveitar-sjóð hvers hrepps fyrir sig, eins og það er greitt til oddvita.

Heimilt er þó hreppsnefnd í hreppi, er rjett liggur í, að greiða þóknun til marklýsingamanna og rjettarstjóra af óskilafjárverði, er hreppssjóði eða fjallskilasjóði tilheyrir, og af óskiftu því, er skifta á milli hreppa.

VII.

Um mörk og markaskrár.

51. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt og hross með glöggu marki á eyrum. Enginn má fleiri mörk eiga í senn en tvö á sauðfje og eitt á hrossum. Enginn má heldur nota annars manns sauðfjármark á hrossum eða hrossamark á sauðfje. Ef kind er með annars manns marki á eyrum, skal marka hana glöggu hornamarki eða brennimarki.

Skylt er að nota hrepps-brennimark á sauðfje og setja það á vinstra horn.

Hrepps-brennimörk eru:

Hvítársíðuhrepps: M. 1.

Þverárhliðarhrepps: M. 2.

Norðurárdalshrepps: M. 3.

Stafholtstungnahrepps: M. 4.

Borgarhrepps: M. 5.
 Álftaneshrepps: M. 6.
 Hraunhrepps: M. 7.
 Borgarneshrepps: M. 8.

60
 2. júní

52. gr.

Mark helgar eiganda kind, nema sönnur komi fyrir, að annar eigi, eða eigandi marks viðurkenni hana ekki sem sína eign, sbr. 43. gr. Kind, sem ekki ber rjett mark manns, er óheimilt að draga sjer, hversu lítið sem á vantar eða umfram er. Ef kind er með hornamarki eða brennimarki annars, en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið; skal hann þó, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann hefir eignast kindina. Kind, sem er með eyrnamarki eins manns, hornamarki annars og brennimarki hins þriðja, skal talinn eign þess, er brennimarkið á, en sönnur skal hann færa á eignarrjett sinn, ef krafist er.

53. gr.

Enginn má upptaka mikil særingamörk, sem vandi er að marka svo auðþekt sjeu. Hin helstu þeirra eru: Afeyrt, blaðrifað, blaðstúfrifað, blaðtvístúfrifað, blaðtvístýft, gatrifað, geilrifað, geirrifað, hvatblaðstýft, hvathamrað, hvattvírifað, jaðrað, miðhlutað í sneitt, netnál, sneiðblaðstýft, sneiðfráblaðstýft, sýlrifað, tíglað, tvíhamrað, tvístúfrifað, vagllögg, vaglrifað, vinkill, þrírifað í heilt, þrírifað í sneitt, þrírifað í stýft og þrístýft. Mörk þessi má heldur ekki nota þó fengin sjeu að erfðum, gefins eða keypt eftir að reglugerð þessi gengur í gildi.

54. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 10. hvert ár, þá er ártal stendur á tug. Ef nauðsynlegt þykir má einnig prenta hana það ár, sem endar á tölunni 5. Skal þá hver markeigandi koma marki sínu eða mörkum í hana og gjalda fyrir svo sem sýslunefnd ákveður. Fá markeigendur ókeypis jafnmörg eintök af markaskránni og mörk þeirra eru, sem í hana eru skráð.

Sýslunefnd sjer um að nægilega margar markaskrár sjeu sendar í þá hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur eru við.

Gjald það, er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal áætla svo hátt, að það nægi fyrir kostnaði við markasöfnun, skrásetningu og prentun markanna. Verði afgangur rennur hann í sýslusjóð, en nægi gjaldið eigi fyrir öllum kostnaði, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

55. gr.

Sýslunefnd kýs einn mann til 5 ára í senn til þess að hafa umsjón með upptöku marka og búa markaskrá undir prentun. Þóknun fyrir þetta starf fær hann eftir því sem um semur og skal hún talin með kostnaði þeim, sem nefndur er í 53. gr.

Starfstilhögun markaumsjónarmanns, skal nánar ákveðin af sýslunefnd.

56. gr.

Hreppsnefnd, hver í sínum hreppi, skal kjósa mann til að safna mörkum hreppsins, næsta ár á undan því, er markaskrá skal prentuð. Hreppsnefnd tilkynnir markaumsjónarmanni kosninguna. Markaumsjónarmaður kveður á um tilhögun markasöfnunar og tilkynnir

60 það markasafnara þegar þörf gerist. Markasafnari innheimtir markagjöld í sínum hreppi um 2. júní leið og hann safnar mörkunum. Í þóknun fyrir starf sitt fær hann hundraðsshluta af markagjöldum, eftir því sem sýslunefnd nánara ákveður.

Þegar markasöfnun er lokið í hreppunum skulu markaseðlar sendir markaumsjónarmanni ásamt markagjöldum, að frádreginni þóknun markasafnara.

57. gr.

Markaumsjónarmaður skal gjöra sjer far um að koma festu og samræmi í nöfn og röðun marka. Þegar mörkum er safnað, skal hann heimta sjerstaka skýrslu um nýupptekin mörk. Markaskýrslur hreppanna skal hann bera saman og þær allar saman við gildandi markaskár innan sýslu og utan, þar sem samgöngur geta verið. Heimilt er honum að fella niður nýupptekin mörk, sem of lík eru eldri mörkum og þau sem bannað er upp að taka, ef nokkur eru á skýrslu. Nú hefir hann ákveðið að fella niður mark, eða breyta marki, svo sem hann telur nauðsynlegt, þá skal hann svo fljótt, sem við verður komið tilkynna það hlutaðelgendum og benda þeim á önnur mörk eða breytingu á marki, er komið geti í staðinn. Verði tillögum hans ekki mótmælt innan 6 vikna frá því að hann sendi þær, skulu þau mörk gilda til skrásetningar að því sinni.

Að öðru leyti ber honum að taka til greina óskir eða kröfur markeiganda, svo fremi að þær geta samrýmst ákvæðum þessarar reglugerðar.

Vilji einhver mark upp taka í milli þess að markaskrá er samin, ber honum að fá til þess samþykki markaumsjónarmanns. Að því fengnu skal markeigandi auglýsa það í Lögbirtingablaðinu og er það þá heimilt til notkunar.

58. gr.

Sýslunefndinni í Mýrasýslu er heimilt að leita samvinnu við sýslunefndir Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu og Borgarfjarðarsýslu til þess að afstýra sammerkingum innan þessara sýslna, eftir því sem henta þykir.

Kostnaður við það greiðist úr sýslusjóði.

VIII.

Um eftirlit með förgun á fje o. fl.

59. gr.

Heimilt er að kaupa og selja fje í rjettum, en skylt er kaupanda að gera rjettarstjóra aðvart um það áður en kaup byrja, og vera háður eftirliti og fyrirskipunum hans.

60. gr.

Vilji einhver kaupa fje eða hross, eða boða markað annarsstaðar en í rjettum, þá er honum skylt að gera hreppnefnd í þeim hreppi, er markaðsstaður er í, það vitanlegt fyrirfram. Er henni þá heimilt að skipa eftirlitsmann á markaðinum.

Skilt er eftirlitsmanni að stuðla að góðri reglu við markaðshald. Þóknun fær hann svo sem um semur.

61. gr.

Svo skal rekstrum haga á söluþfjernaði eða öðrum förgunarþfjernaði, að sem minstur bagi verði að, þeim sem sem lönd eiga, sem um er rekið eða áð er í. Varast skal að rekstri lendi saman við annan samskonar þfjernað.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið kind eða hross frá öðrum saman við í rekstur, er þeim skylt að koma hinu tekna á sinn stað aftur eiganda að kostnaðarlausu. Hver, sem fyrir rekstri ræður, greiði auk þess fullar skaðabætur, ef tjón hlýtt af, og sekt eftir atvikum, nema þyngri refsing liggj við að lögum.

62. gr.

Við hvert sláturhús eða aðra slátrunarstaði skal vera markaeftirlitsmaður um aðal-slátrunartímann, skipaður af sýslumanni eftir tillögum forstöðumanns fjelags eða verslunar er í hlut á. Fyrir starf sitt fær hann þóknun hjá fjelaginu eða kaupmanni, er ekki skal minni vera en dagkaup verkamanna alment. Hann skal athuga mark á hverri kind áður eða um leið og hún er leidd til slátrunar, og hafa vakandi auga á því, að misdráttur eða ruglingur eigi sjer ekki stað. Þyki eftirlitsmanni eignarheimild á kind vafasöm, er honum skylt að leita upplýsinga um málið þegar í stað eða síðar eftir atvikum.

63. gr.

Markaeftirlitsmönnum, er starfa í Borgarnesi um sláturtímann, er og skylt að hafa eftirlit með fje, er flytja á sjóleið þaðan til Reykjavíkur eða Suðurlands, áður eða um leið og það er flutt á skip, gegn þóknun frá sendanda. Er hverjum þeim, sem kindur annast til burtflutnings, skylt að gera grein fyrir hverjir eiga eða senda kindurnar, ef eftirlitsmaður krefat þess.

64. gr.

Nú kemur fyrir kind í sláturhúsi, eða á slátrunarstöð, sem eigi tilheyrir neinum af þeim, er þar eru viðstaddir, eða eigi verður ráðstafað þegar í stað af eiganda eða öðrum úr hans bygðarlagi, þá skal forstöðumaður slátrunar ráðstafa kindinni, svo sem hann telur hagkvæmast fyrir eiganda, ef kunnugt er hver hann er. Ef ekki er kunnugt um eiganda slíkra kinda, skal fara með þær sem annað óskilafje í þeim hreppi, sem þær eru þá komnar í.

Ef sannað verður hverjir rekið hafa óráðstafaðar kindur til slátrunarstöðva, skal þeim refsað samkvæmt niðurlagi 61. gr.

IV.

Ýmisleg ákvæði.

65. gr.

Hver sem valdur er að illri meðferð á skepnum svo sem með því að etja hundum um of, svelta þær eða misþyrma, hindra ekki í tæka tíð að þær troðist undir, skal sæta sektum og skaðabótum, ef tjón hlýtt af, nema þyngri refsing liggj við að lögum.

60

66. gr.

2. júní

Þegar einhver, sem fer með umboð hreppsnefndar samkvæmt reglugerð þessari, hefir samið um borgun fyrir vinnu eða annað er þörf krefur, eins þótt innheimta þurfi hjá þriðja manni, ber hreppsnefnd ábyrgð á slíkum greiðslum og innheimtum.

Um það, hver ber ábyrgð athafna eða vanrækslu og ekki er berum orðum fram tekið í reglugerð þessari, fer eftir almennum lögum.

67. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar reglugerðar varða sektum frá 10—300 krónum og renna í sveitarsjóð eða sveitarsjóði þess upprekstrarfjelags, er brot er framið í, eftir sömu hlutföllum og andvirði óskilafjenaðar,

68. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn fyrirmælum reglugerðarinnar, skal fara með sem almenn lögreglumál.

69. gr.

Reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar 25. júlí 1892, svo og allar síðari breytingar á þeirri reglugerð, eru hjer með úr gildi feldar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 15. júní 1921.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 2. júní 1921.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.